

**Sp.**

**639. Þingsályktun**

um bannlögin.

(Afgreidd frá Sp. 11. maí).

Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að þó að nú hafi verið afgreidd frá þinginu lög um undanþágu frá lögunum um aðflutningsbann á áfengi, vegna samninga við Spánverja, þá var það gert af knýjandi nauðsyn, en ekki af því, að Alþingi vildi hverfa frá þessari löggjöf, sem í fyrstu var sett á grundvelli þjóðaratkvæðagreiðslu.